

1991 nr. 46 25. mars**[Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.]¹⁾²⁾**¹⁾ L. 51/1998, 5. gr. ²⁾ Rg. 263/1991 og 251/1995.**I. kafli. Markmið og yfirstjórn.**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem föng eru á góða meðferð og aðbúnað búfjár í samræmi við þarfir og að það hafi ætíð nægilegt fóður og drykk.

□ Tilgangur laganna er einnig að tryggja að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbriggt búfé.

■ **2. gr.** Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

□ Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitur, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Auk þess önnur dýr sem haldin verða til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

□ Með vörslu búfjár er í lögum þessum átt við að búfjáreigandi haldi því búfé, sem varslan tekur til, innan ákveðins afmarkaðs svæðis, en með lausagöngu búfjár að búfé geti gengið á annars manns land í óleyfi.

II. kafli. Takmörkun búfjárhalds.

■ **3. gr.** Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt að fenginni umsögn [Bændasamtaka Íslands].¹⁾

¹⁾ L. 73/1996, 25. gr.

■ **4. gr.** Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað við tiltekin svæði innan sveitarfélagsins. Í samþykktunum geta einnig verið ákvæði sem takmarka fjölda búfjár af hverri búfjártegund og fjölda búfjár einstakra búfjáreigenda. Ef búfjáreigandi verður fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi þannig að bóttum varði skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

□ Í samþykktunum má kveða á um að búfjárhald sé óheimilt án leyfis þar sem takmarka má fjölda búfjár hvers aðila. Slík leyfi skulu vera tímabundin og afturkallanleg með tilteknum fyrirvara.

□ Samþykktir skulu kveða á um að búfjáreigandi uppfylli skilyrði um aðstöðu fyrir bústofn sinn, fóðrun hans, vörslu og meðferð, sem og meðferð alls úrgangs sem fellur til.

III. kafli. Varsla búfjár.

■ **5. gr.** Sveitarstjórn, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins.

□ Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarstjórna eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

□ Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund þar sem einnig skal kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.

□ [Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.]¹⁾

¹⁾ L. 51/1998, 1. gr.

■ **6. gr.** Graðpeningi skal haldið í öruggri vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.

2. Hrútar og hafrar á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.

3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 16 mánaða og eldri, allt árið. Óski hrossaræktarsamband og/eða sveitarstjórn eftir því getur ráðherra heimilað að færa aldursmörk að 12 mánaða aldri á viðkomandi svæði.

4. Aðrar búfjártegundir en að framan greinir, allt árið.

□ Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og afhentur hreppstjóra. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi grip með greiðslu á áföllnum kostnaði. Við ítrekað brot skal graðhestur seldur [við nauðungarsölu án undangenginnar áskorunar til eiganda, en öðrum gripum slátrað og sölu-]¹⁾ eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

¹⁾ L. 90/1991, 91. gr.**IV. kafli. Aðbúnaður og meðferð búfjár.**

■ **7. gr.** Landbúnaðarráðherra er rétt að gefa út reglugerðir¹⁾ fyrir einstakar búfjártegundir þar sem nánar er kveðið á um atriði er lúta að aðbúnaði og meðferð gripa, gripahúsa, þar með talin ákvæði um innréttingar, rýmisþörf gripa, loftræstingu, birtu í húsi, fóðurgeymslur og fóðurútbúnað, svo og ákvæði um umhirðu gripa og eftirlit, skráningu á vanhöldum og heilbrigði búfjár og eftirlit með gripum sem ganga úti hluta ársins. Jafnframt er í reglugerð heimilt að kveða á um kröfur til reynslu og þekkingar þeirra sem búfé halda eða hirða.

□ Eftirlit með framkvæmd reglugerða samkvæmt fyrri málsgrein skal falið búfjárefirtliti, sbr. 9. gr.

¹⁾ Rg. 671/1997.

■ **8. gr.** Landbúnaðarráðuneytið skal beita sér fyrir því í samvinnu við [Bændasamtök Íslands],¹⁾ viðkomandi búgreinafélag, yfirdýralækni og dýraverndarnefnd að fyrir hverja búfjártegund verði gefnar út leiðbeinandi reglur um sem flesta þætti er lúta að fóðrun, aðbúnaði, meðferð og heilbrigði búfjár af viðkomandi tegund. Tryggt skal að slíkar reglur séu endurskoðaðar reglulega í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma.

¹⁾ L. 73/1996, 25. gr.**V. kafli. Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.**

■ **9. gr.** Í hverju sveitarfélagi skal vera búfjárefirtirlitsmaður, einn eða fleiri, sem hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Sveitarstjórn ræður þá til starfa til fjögurra ára að loknum sveitarstjórnarkosningum hverju sinni. Til starfsins skal velja menn sem hafa haldgóða reynslu og þekkingu í fóðrun og meðferð búfjár. Heimilt er fyrir fleiri en eitt sveitarfélag að ráða sameiginlega búfjárefirtirlitsmann (menn).

□ Búnaðarsambönd hafa á hendi umsjón með búfjárefirtirliti hvert á sínu svæði. Ráðunautur viðkomandi búnaðarsambands annast slíkt eftirlit eða aðili sem það tilnefnir. Skulu búfjárefirtirlitsmenn á svæðinu leita úrskurðar hans í vafaatriðum um framkvæmd eftirlits.

□ Eftirlit vegna ákvæða reglugerða skv. 7. gr. skal framkvæmt af búfjárefirtliti samkvæmt þessari grein.

□ Leita skal til héraðsdýralækna um eftirlit með þeim þáttum er snerta heilbrigði búfjár og tryggja hollustu afurða þess.

■ **10. gr.** [Búfjárefirtirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fóðrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. desember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fóðrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt

mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af einstökum tegundum. Búfjäreftirlitsmaður skal skrá magn, tegundir, gæði og geymsluáðstöðu alls fódurs hjá hverjum búfjáreiganda og einnig áform hans um fóduröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar, svo og uppskera korns, kartaflna, rófnna, gulróta og annars grænmetis samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Búfjäreftirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitolandi í byggð á starfssvæði sínu. Telji hann meðferð þess ábótavant skal hann tilkynna sveitarstjórn og landgræðslustjóra það án tafar.

□ Nú meinar ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis búfjäreftirlitsmanni aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum. Skal þá búfjäreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það án tafar. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta skal hún innan viku senda skriflega tilkynningu um það til landbúnaðarráðherra sem þá er skylt að láta fara fram sérstaka skoðun á viðkomandi stað. Skylt er lögreglu að fara með búfjäreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits sem þannig er ákveðið. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúanda nema að fengnum dómsúrskurði. Ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

□ Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum. Landeigandi er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi um fjölda og eigendur gripa sem eru í hagagöngu á landi hans.

□ Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fódurforða, fyrningar og fódurþörf skráir búfjäreftirlitsmaður á eyðublað sem Bændasamtök Íslands láta í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjäreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skulu undirrita skýrslu þessa og skal hún send Bændasamtökum Íslands sem fyrst að lokinni haustskoðun. Bændasamtök Íslands hafa yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu og annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjáfjölda, fódurforða og uppskeru korns, kartaflna, rófnna, gulróta og annars grænmetis. Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

□ Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.¹⁾

¹⁾ L. 51/1998, 2. gr.

■ **11. gr.** Þegar að lokinni skoðun skal búfjäreftirlitsmaður bera niðurstöður sínar undir eftirlitsmann búnaðarsambands. Komi í ljós að búfjáreiganda skorti hús, fódur eða beit fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhírði skal búfjäreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að vara þann er hlut á að máli þegar við

og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi honum að þeim tíma liðnum ekki tekist að gera þær ráðstafanir sem sveitarstjórn og eftirlitsmaður búnaðarsambands telja fullnægjandi ber sveitarstjórn að útvega honum fódur, hlutast til um fódur og umhírðu eða ráðstafa fénaði hans til fódunar. [Sveitarstjórn er heimilt að krefjast veðs í þeim fénaði til tryggingar greiðslu alls kostnaðar af þessum ráðstöfunum.]¹⁾

□ Sveitarstjórn eða búfjäreftirlitsmaður í umboði hennar eða aðrir, sem telja meðferð á skepnum brjóta í bága við gildandi lög eða reglur, skulu leita til héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknir skal þá í samráði við yfirdýralækni og innan tveggja sólarhringa meta ástand skepnanna og aðstæður á staðnum í samráði við eða ásamt trúnaðarmanni búnaðarsambands og gefa búfjáreiganda fyrirmæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt. Þar skal veita mest einnar viku frest til úrbóta.

□ Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum búfjäreftirlitsmanns, sveitarstjórnar, trúnaðarmanns búnaðarsambands eða héraðsdýralæknis, eða hefur þær að engu, og fénaður hans líður sakir fódurskorts, hiruðleysis eða harðýðgi að áliti tveggja eða fleiri þessara aðila er skylt að tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan tveggja daga ásamt öllum málavöxtum. Skal hann þá innan viku sjá um að úrbætur fái í samræmi við dýraverndarlög en búfénu lógað að höfðu samráði við yfirdýralækni ef ekki er annarra kosta völ. [Telji búfjäreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir úrbætur ekki þola neina bið getur lögreglustjóri fyrirvaralaust tekið búfé úr vörslu eiganda eða umráðamanns og ráðstafað búfénu án tafar með þeim hætti sem framangreindir aðilar telja best tryggja velferð þess.]¹⁾

□ Búfjáreigandi, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

¹⁾ L. 51/1998, 3. gr.

■ **12. gr.** Búfjäreftirlitsmaður skal launaður af sveitarsjóði. □ Sveitarfélögum, þar sem búfjáhald er óheimilt án leyfis, sbr. 2. mgr. 4. gr., er heimilt að innheimta leyfisgjald til að standa undir kostnaði við framkvæmd forðagæslu og búfjäreftirlits, sbr. 9. gr. Skiptist það í grunnjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers eiganda. Gjald þetta skal þó ekki lagt á búfjáreigendur sem halda búfé á lögbýli og eiga þar lögheimili.

□ Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir leyfisgjöld skv. 2. mgr. og birta í Stjórnartíðindum.

□ [Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.]¹⁾

¹⁾ L. 51/1998, 4. gr.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **13. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á skepnum skal hann sviptur leyfi til að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **14. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . .